# Ársyfirlit yfir rekstur og framleiðslu á viltum laxaseiðum árið 2024.
# Veiðifélag Ytri Rangár seiðaeldisstöð Húsafelli
# Kt. 691092-2599

Veiðifélag Ytri Rangár hefur starfs- og rekstraeleyfi til laxeldis í Húsafellslandi. Starfsleyfisnúmer UST202103-246 og rekstrarleyfisnúmer FE-1169.

**Framleiðslumagn og afföll**

Árið 2024 var framleiðsla og starfsemi fyrirtækisins með hefðbundnu sniði. Í byrjun árs voru í stöðinni um 800.000 seiði til sleppinga vorið 2024. Langmestur hluti seiðana kom úr hrygnum úr Yti Rangá og voru til sleppinga þar og á hennar vatnasviði. Önnur seiði voru ræktuð úr ám um Vesturland af stofni hverrar og einnar og þeim seiðum sleppt í sínar heima ár.

Auk þessa voru í klakherbergi stöðvarinnar hrogn frá haustinu 2023. Alls úr fimm ám, að langmestu leiti Ytri Rangá.

Vorið 2024 voru afhent um 800.000 seiði og var framleiðslan um 28.500 kg. Lífmassi í stöðinni á því tímabili var því rúm 29.000 kg því smáseiði til afhendingar vorið 2025 vógu á milli 500 – 1.000 kg. Flutingar og afhending gengu vel.

Afföll eru sáralítil. Af seiðum voru þau hliðstæð við fyrri ár eða um 300 kg. Seiðin fara til förgunar hjá Íslenska Gámafélaginu samkvæmt samningi þar um. Við hrogna töku fellur til allur sá fiskur sem notaður er til undaneldis. Eftir hrognatöku og frjóvgun er fiskurinn fluttur til Fóðurstöðvar Suðurlands samkvæmt samningi þar um. Alls voru flutt til þeirra um 2.500 kg af dauðfiski til fóðurgerðar.

**Fóðurnotkun, fóðurgerð og fóðurnýting.**

Allt fóður er keypt frá fóðurverksmiðjunni Laxá á Akureyri. Samtals voru keypt 30.615 kg frá Laxá. Eftirfarandi fóðurgerðir voru keyptar. Fóðurstuðullinn fyrir árið var tæplega 1,06 sem er þó nokkur bæting frá fyrra ári.

| Fóðurgerð | Kg |
|---|---|
| INICIO Plus 0,35 mm | 40 |
| INICIO Plus 0,50 mm | 375 |
| INICIO Plus 0,80 mm | 4500 |
| INICIO Plus 1,10 mm | 13375 |
| INICIO Plus 1,50 mm | 6250 |
| ECO RAS 1,80 mm | 6075 |
| **Samtals** | **30615** |

**Magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja**

- Kenosan sápa 50 lítrar
- Virocid sótthreinsir 25 lítrar
- Formalín 900 lítrar
- Buffodine joð 3 lítrar
- Deyfilyf Phenoxyethanol 4 lítrar

**Kvartanir**
Kvartað var yfir ljósum við útiker. Ljósin virðast trufla einhvern og því verður gripið til þess ráðs að færa þau eða skerma þannig að þau ekki valdi ónæði.

**Bilanir og óhöpp sem gætu valdið mengun**
Ekki hafa verið neinar bilanir eða óhöpp sem gætu valdið mengun á árinu.

**Úrgangur sem verður til við framleiðsluna.**
Afföll eru sáralítil. Af seiðum voru þau hliðstæð við fyrri ár eða um 300 kg. Seiðin fara til förgunar hjá Íslenska Gámafélaginu samkvæmt samningi þar um. Við hrogna töku fellur til allur sá fiskur sem notaður er til undaneldis. Eftir hrognatöku og frjóvgun er fiskurinn fluttur til Fóðurstöðvar Suðurlands samkvæmt samningi þar um. Alls voru flutt til þeirra um 2.500 kg af dauðfiski til fóðurgerðar.
Sorp er fjarlægt af Íslenska gámafélaginu. Sú nýbreytni var tekin upp á árinu að að flokka úrgang í pappa, plast, lífrænt og almennt sórp.

**Þjálfun starfsfólks**
Þjálfun starfsfólks hefur farið fram. Starfsfólk hefur kvittað undir þar til gerð eyðublöð.

**Áhættumat og viðbragðsáætlun**
Sjá viðhengi

**Teikningar af frárennsli**
**EKKI TIL**

**Niðurstöður mælinga**
Sjá viðhengi

**Losun næringarefna**
Losun Fosfórs P er ennþá yfir mörkum eða 8,5 kg/tonn en má vera 7 kg/tonn. Náðst hefur að draga úr þessari losun miðað við fyrri ár og er stefnt að því að ná henni enn betur niður. Losun á köfnunarefni N var 45,3 kg/tonn.

**Tæming olíugildra.**
Á ekki við

**Hreinsun á mengunarvarnarbúnaði**
Tekið er upp úr settjörn tvisvar á ári og sú seyra er keyrð á mela í eigu Veiðifélags Ytri Rangár til uppgræðslu.

Unnið samkvæmt bestu vitund
f.h Veiðifélags Ytri Rangár
Börkur Hrafn Nóason
stöðvarstjóri